

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 2/1988.

Aðalgeir Finnsson,

Jón Kr. Sólnes og

Þórður Gunnarsson

vegna þrotabús Akurs hf.

samkvæmt 114. gr. laga nr. 6/1978

(Árni Pálsson hdl.)

gegn

Helga B. Helgasyni og

Jóni Rafni Högnasyni

(Tryggvi Gunnarsson hdl.).

Samningar. Skaðabætur. Kyrrsetning. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, sem gefin var út 5. janúar 1988 að ósk Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns fyrir hönd þrotabús Akurs hf. Á dómþingi 2. desember 1988 var lýst yfir því, að Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólnes og Þórður Gunnarsson hefðu tekið við málinu í eigin nafni vegna þrotabúsins á grundvelli 114. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978.

Dómkröfur áfrýjanda eru, að stefndu verði dæmdir til að greiða þrotabúinu in solidum 3.683.000,00 krónur með 15% ársvöxtum frá 18. júní 1986 til 23. október 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með vöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. júní 1987, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Jafnframt er krafist staðfestingar á kyrrsetningu 11. október 1986 í tilteknum eignum stefndu. Þá er krafist sýknu af öllum kröfum stefndu í aðalsök og gagnsök í héraði. Loks er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara krefjast þeir staðfestingar héraðsdóms. Þá krefjast þeir þess, að Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólnes og Þórður Gunnars-

sson verði persónulega dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Frávísunarkrafa stefndu er studd þeim rökum, að Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður hafi ekki haft umboð til að fá út gefna áfrýjunarstefnu fyrir búið 5. janúar 1988 og að síðan hafi dregist lengur en hæfilegt var, að þeir Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólmes og Þórður Gunnarsson gengju inn í málið með heimild í 114. gr. gjaldþrotalaga.

Fyrirnefndur hæstaréttarlögmaður hefur formlega haft umboð samkvæmt 4. gr., 1. mgr., laga nr. 61/1942, um málflytjendur, til þeirra lögmannsathafna, sem varða áfrýjun málsins og snúa að Hæstarétti. Lögð hafa verið fram skjöl, sem sýna, að á ýmsu hefur gengið í skiptum hans utan réttar og fyrir skiptarétti Akureyrar við skiptaráðanda og stefndu. Á dómþingi skiptaréttarins 22. nóvember 1988 var bókað, að þeir Aðalgeir, Jón og Þórður hefðu tekið við aðild málsins á grundvelli 114. gr. laga nr. 6/1978. Sá tími, er leið, þar til málið komst í það horf, sem nú er, getur ekki leitt til frávísunar að kröfu stefndu. Ber að hafna frávísunarkröfu þeirra.

II.

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir um niðurstöðu varðandi samning Akurs hf. og stefndu 15. apríl 1986.

Stefndu kröfðust 25. júní s.á. innsetningar í hlutabréf, svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, en þeirri kröfu var hafnað af fógeta á Akureyri 23. júlí s.á.

Stefndu kröfðust 13. september s.á. lögbanns við hlutafjáraukningu í Akri hf., en um hana hafði verið gerð samþykkt á framhaldsaðalfundi félagsins 15. ágúst s.á. Með úrskurði fógeta 15. október s.á. var stefndu gert að leggja fram samtals fjórar milljónir króna sem tryggingu. Það gerðu þeir ekki, og var lögbann því ekki á lagt.

Í málinu eru ekki leiddar nægar líkur að því, að þær beiðnir um fógetaagerðir, sem stefndu settu fram og nú hefur verið vikið að, hafi valdið Akri hf. tjóni. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að stefndu skuli vera sýknir af kröfum áfrýjanda um bætur vegna þessara beiðna, og fella úr gildi

kyrrsetningu þá, sem fram fór 11. október 1986. Um málskostnað í aðalsök í héraði verður fjallað hér á eftir.

Með tilvísun til héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um kröfur Jóns Rafns Högnasonar og Helga B. Helgasonar í gagnsök í héraði um annað en vexti og málskostnað. Verða vextir eins og í dómsorði greinir.

Þrotabúi Akurs hf. ber að greiða stefndu hér fyrir dómi málskostnað í héraði, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000,00 krónur samtals í aðalsök og gagnsök.

Þá ber að dæma Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólmes og Þórður Gunnarsson persónulega til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en vexti og málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabúi Akurs hf., greiði stefndu, Helga B. Helgasyni og Jóni Rafni Högnasyni, dómvexti af til dæmdri fjárhæð frá 10. nóvember 1986 til 14. apríl 1987, en hæstu innlámsvexti samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefndu samtals 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði.

Aðalgeir Finnsson, Jón Kr. Sólmes og Þórður Gunnarsson persónulega greiði stefndu 150.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. desember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember 1987, var höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, birtri 23. október 1986.

Aðalstefnandi var stjórn Akurs hf., Geislagötu 14, Akureyri. Með úrskurði skiptaréttar Akureyrar 15. nóvember 1986 var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta, og tók þrotabúi félagsins þá við aðild málsins.

Aðalstefndu eru Jón Rafn Högnason, nmr. 5148-4134, Arnarsíðu 10 C, Akureyri, og Helgi B. Helgason, nmr. 3966-4003, Rimasíðu 29A, Akureyri.

Krafa aðalstefnanda er, að aðalstefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 40.000.000,00 kr., með 15% ársvöxtum frá 18. júní 1986 til 23. október 1986, en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst aðalstefnandi, að dómurinn staðfesti kyrrsetningargerð, er fram fór 11. október 1986, þar sem kyrrsettar voru ýmsar eignir aðalstefndu, er nánar eru tilteknar í stefnu.

Kröfur aðalstefndu eru þær, að þeir verði alsýknaðir af öllum kröfum aðalstefnanda og að kyrrsetningargerð frá 11. október 1986 verði felld úr gildi. Þá krefjast aðalstefndu málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda.

Með stefnu, birtri 10. nóvember 1986, höfðuðu aðalstefndu gagnsakarmál á hendur aðalstefnanda. Krafa gagnstefnanda á hendur gagnstefnda er um 2.500.000,00 króna skaðabætur vegna ólögðrætrar kyrrsetningar ásamt dómvöxtum samkvæmt l. nr. 56/1979 frá 10. nóvember 1986 til 14. apríl, en þá með vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Þá er gerð krafa á hendur gagnstefnda um greiðslu málskostnaðar til gagnstefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu gagnstefnda er krafist sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr þeirra hendi skv. mati dómsins.

Málavextir eru þessir helstir:

Um áramótin 1985-1986 og fram eftir vori áttu aðalstefndu og forráðamenn fyrirtækisins Akurs hf., Akureyri, í samningaviðræðum um kaup aðalstefndu á félaginu.

Akur hf. var eigandi að veitingahúsinu Sjallanum á Akureyri og annaðist rekstur þess.

Hinn 15. apríl 1986 var haldinn stjórnarfundur í Akri hf., og sat aðalstefndi, Jón Rafn Högnason, fundinn ásamt Pétri Valdimarssyni, aðstoðarmanni sínum. Þar voru m.a. samþykkt drög að kaupleigusamningi á hlutabréfum félagsins til aðalstefndu. Þá samþykkti fundurinn að afla heimildar aðalfundar Akurs hf. til að auka hlutafé félagsins um allt að 20.000.000,00 króna án þess að gefa út jöfnunarhlutabréf fyrir eldra hlutafé.

Síðar sama dag var undirritaður samningur milli aðalstefndu og þriggja stjórnarmanna Akurs hf., þeirra Jóns Kr. Sólness, Aðalgeirs Finnssonar og Þórðar Gunnarssonar, en þeir voru eigendur 81,87% hlutafjár í félaginu. Með samningnum, sem bar yfirskriftina kaupleigusamningur, samþykktu nefndir hluthafar að selja aðalstefndu á kaupleigu hlutafjáreign sína að með töldu eigin hlutafé félagsins. Skyldi kaupleigutímabilið vera frá 1. maí 1986 til 1. maí 1992.

Samkvæmt samningnum skyldi söluverð hlutabréfanna miðast við, að aðalstefndu tækju að sér greiðslu skulda, sem hvíldu á eignum kaupleigusala og þeir höfðu greitt eða báru persónulega ábyrgð á vegna tapreksturs

félagsins. Þó skyldi heildarupphæð viðtekinna skulda ekki nema hærri fjárhæð en 85-92.000.000,00 króna.

Aðalstefndu skyldu leggja fram bankaábyrgð, að upphæð 3.000.000,00 kr., til tryggingar afborgunum samkvæmt kaupleigusamningnum. Enn fremur skuldbundu aðalstefndu sig til að veita bankaábyrgð fyrir 12.000.000,00 kr. vegna skulda við lðnaðarbanka Íslands, sem hvíldu á eignum Akurs hf., en einnig tryggðar með persónulegri ábyrgð hluthafa.

Í 6. gr. samningsins er talað um leigu. Skyldu kaupleigjendur greiða leigu, sem næmi kr. ..., ákvarðaða við uppgjör 1. maí 1986, að við bættum vöxtum og verðbótum, eins og segir í samningnum. Leigu átti að greiða mánaðarlega frá 1. júlí 1986 til 1. maí 1992. Leigufjárhæðina átti að nota til greiðslu skulda, sem hvíldu á eignum „kaupleigusala og þeir persónulega hafa staðið skil á eða eru persónulega ábyrgir fyrir“.

Samkvæmt samningnum höfðu aðalstefndu reynslutíma og gátu í því sambandi hætt við kaupin fram til 30. apríl 1987 án þess að tilgreina ástæðu. Hefur samningurinn að geyma ýtarleg ákvæði um ábyrgð og uppgjör á rekstrinum í slíku tilviki. Ekki var sambærilegt ákvæði í samningnum um uppsögn til handa viðsemjendum aðalstefndu.

Ráð var fyrir því gert, að aðalstefndu tækju við rekstri félagsins 1. maí 1986.

Hinn 25. apríl s.á. komu aðalstefndu til fundar hjá Gunnari Sólmes hrl., lögmanni áðurnefndra stjórnarmanna Akurs hf., og lögðu fram nýtt samningsuppkast, eins og segir í stefnu í aðalsök. Í þessu samningsuppkasti, sem unnið var af Sævari Þór Sigurgeirssyni, endurskoðanda aðalstefndu, og ber yfirskriftina „kaupsamningur (með fyrirvara)“, segir, að við ákvörðun á endanlegu kaupverði beri að leggja til grundvallar, að heildarskuldir félagsins fari ekki fram úr um 85.000.000,00 króna. Þá séu peningaverðseignir félagsins, þ.e. handbært fé, viðskiptakröfur og birgðir, um 4.000.000,00 kr. Fari þannig mismunur skulda og veltufjármuna ekki fram úr 81.000.000,00 kr., en að öðrum kosti „skulu seljendur sjá um að létta skuldum af félaginu, svo að framangreint hlutfall náist“. — Þá voru í þessum samningi ýmsar aðrar breytingar, er viku efnislega frá undirrituðum samningi frá 15. apríl 1986.

Í stefnu segir, að aðalstefndu hafi kveðið þetta nýja samningsuppkast vera eina grundvöllinn að hugsanlegum samningum um kaupin. Að loknum fundinum hafi aðilar verið sammála um, að efnisatriði samningsins frá 15. apríl væru þar með úr sögunni. Þessu hafa aðalstefndu algerlega neitað og bera, að á þessum tíma hafi Sævar Þór Sigurgeirsson endurskoðandi verið búinn að fara yfir bókhald Akurs hf. og þá komið í ljós, að heildarskuldir félagsins hafi numið 85.000.000,00 króna. Þar sem kaupverð félagsins hafi falist í því að taka að sér skuldir þess, hafi sú fjárhæð verið raunverulegt söluverð félagsins.

Aðalfundur var haldinn í Akri hf. 28. apríl s.á. Þar var m.a. samþykkt heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa með þeim hætti, er stjórnarfundur hafði samþykkt.

Þá var samþykkt tillaga þess efnis, að aðalfundurinn heimilaði, að gerður yrði kaupleigusamningur um allt að 82% af hlutafé í Akri hf. við aðalstefndu.

Aðalstefndu undirbjuggu sig að sögn undir að taka að sér reksturinn, m.a. með því að kynna sér tölvukerfi Sjallans, og eins var Sævar Þór Sigurgeirsson tilbúinn að fara til Akureyrar og gera birgðatalningu og aðrar ráðstafanir vegna viðtökunnar. Kvaðst Sævar Þór Sigurgeirsson hér fyrir rétti hafa átt símtal við Jón Kr. Sólmes 30. apríl vegna þessara mála, og hafi þá Jón Sólmes talað um, að ákveðið hafi verið að biða með viðtökuna, þar til ársuppgjör 1985 lægi frammi, en það yrði í næstu viku. Þá hafi hann tvívegis á næstu dögum átt símtal við Jón Kr. Sólmes, en ekki fengið ákveðin svör.

Hinn 23. maí s.á. sendi Sævar Þór Sigurgeirsson fyrir hönd aðalstefndu Þórði Gunnarssyni símskeyti, þar sem ítrekað var af hálfu aðalstefndu, að staðið væri við efni samningsins frá 15. apríl um sölu hlutabréfanna. Var þess getið, að bankaábyrgð skv. 5. gr. samningsins væri til reiðu.

Í svarskeyti, dags. 26. s.m., kemur fram sá skilningur aðalstefnanda, að kaupsamningi frá 15. apríl um hlutabréf í Akri hf. hafi verið rift af hálfu aðalstefndu á áður nefndum fundi með því að breyta grundvallartölum samningsins. Frekari umræðum um samninga væri því ekki til að dreifa. Af hálfu aðalstefndu var þessari túlkun mótmælt bréflega 18. júní s.á. og tilkynnt, að aðalstefndu væru staðráðnir í að knýja fram efndir á samningnum og beita til þess öllum réttarúrræðum.

Hinn 25. júní s.á. kröfðust aðalstefndu þess fyrir fógatarétti Akureyrar, að þeim yrðu fengin umráð yfir hlutabréfum Akurs hf. með innsetningargerð. Úrskurður var kveðinn upp í fógatarétti Akureyrar 23. júlí, og var beiðninni þar hafnað.

Á framhaldsaðalfundi Akurs hf. 15. ágúst s.á. var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 40.000.000,00 kr. án þess að gefa út jöfnunarhlutabréf fyrir eldra hlutafé.

Með bréfi, dags. 21. ágúst s.á., tilkynnir lögmaður aðalstefndu stjórn félagsins, að fyrirhuguð væri málshöfðun fyrir bæjarþingi Akureyrar til að ná fram rétti þeirra samkvæmt kaupsamningi frá 15. apríl. Jafnframt var fyrirhugaðri hlutafjárukningu mótmælt og talið, að hún bryti gróflega í bága við samningsbundinn og lögvarinn rétt aðalstefndu. Á það var bent í bréfinu, að aðalstefndu myndu leggja fram lögbannsbeiðni, yrði þessi samþykkt framkvæmd.

Hinn 19. september s.á. lögðu aðalstefndu fram beiðni í fógatarétti

Akureyrar þess efnis, að lögbann yrði lagt við fyrirhugaðri aukningu á hlutafé í Akri hf., á meðan óútkljáður væri ágreiningur aðalstefndu og viðsemjenda þeirra um gildi samningsins frá 15. apríl 1986, eins og segir í beiðninni.

Af hálfu Akurs hf. og stjórnarmannanna þriggja persónulega var þess krafist, að lögð yrði fram trygging af hálfu aðalstefndu, áður en fjallað yrði efnislega um lögbannsbeiðnina. Við þessu var orðið, og 15. október úrskurðaði fógetaréttur Akureyrar, að aðalstefndu legðu fram 3.300.000,00 kr. til tryggingar til handa þeim Jóni Kr. Sólmes, Aðalgeiri Finnssyni og Þórði Gunnarssyni og 700.000,00 kr. í tryggingu til handa Akri hf., áður en lögbannsgerðinni yrði fram haldið.

Föstudaginn 10. október s.m. var lögð fram í fógetarétti Akureyrar krafa frá Akri hf., þar sem farið var fram á, að kyrrsettir yrðu fjármunir aðalstefndu til tryggingar skaðabótakröfu Akurs hf., að fjárhæð 6.000.000,00 kr., auk vaxta. Var þess krafist, að aðalstefndu yrði ekki tilkynnt um gerðina, sbr. 10. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann.

Fógeti ákvað, að gerðinni skyldi fram haldið gegn tryggingu, að fjárhæð 3.000.000,00 kr., sem lögð var fram næsta dag, er málið var tekið fyrir í réttinum. Aðalstefndu voru þá viðstaddir, og að lokinni ábendingu eigna og mati lýsti fógeti yfir, að eigur gerðarþola, að verðmæti samtals 3.683.000,00 kr., væru kyrrsettar, en gerðin væri árangurslaus að hluta.

Hinn 17. október 1986 var húseign Akurs hf., Sjallinn, seld á nauðungaruppboði og félagið úrskurðað gjaldþrota 15. nóvember s.á., eins og áður hefur komið fram.

Málsástæður og lagarök í aðalsök.

Aðalstefnandi reisir kröfugerð sína á því, að allar aðgerðir aðalstefndu hafi valdið aðalstefnanda álitshnekki og tjóni. Þær hafi valdið blaðaskrifum, sem spilltu fyrir tilraunum aðalstefnanda til að rétta af rekstur fyrirtækisins, m.a. með því að selja hlutabréf samkvæmt samþykktum félagsins um hlutafjárukningu. Aðalstefndu hafi farið mjög með mál sín í blöð, og hefur aðalstefnandi lagt fram úrklippusafn, sem greinir frá deilum aðila, máli sínu til stuðnings. Lögbannsbeiðni aðalstefndu frá 13. september hafi dregist á langinn, enda fljótlega ljóst, að fyrir þeim hafi aðeins vakað að valda skaða. Aðalstefndu hafi hafnað öllum sáttatilaunum og einnig blandað saman ágreiningi sínum og hluthafa félagsins við málefni aðalstefnanda. Aðgerðir aðalstefndu hafi hins vegar allar orðið til þess, að menn hafi misst trú á því, að unnt væri að rétta við fjárhag aðalstefnanda. Afleiðing þessa hafi orðið nauðungarsala á húseign félagsins og síðan gjaldþrot þess.

Aðalstefnandi styður skaðabætur við 9., 24. og 28. gr. laga um kyrr-

setningu og lögbann, nr. 18/1947, og almennar skaðabótareglur. Telur aðalstefnandi tjónið hæfilega metið á 40.000.000,00 kr., sem er samþykkt hlutafjárukning félagsins og aðgerðir stefndu hafa beinst gegn, eins og segir í stefnu.

Málsástæður aðalstefndu eru þær, að 15. apríl 1985 hafi komist á bindandi kaupsamningur milli sín og þriggja stjórnarmanna Akurs hf. um kaup á 81,87% hlutafjáreignar þeirra í félaginu. Samningurinn hafi verið án fyrirvara, og hafi aðalstefndu alla tíð viljað standa við hann, og samningnum hafi ekki verið rift. Vegna vanefnda viðsemjenda sinna hafi aðalstefndu verið nauðsyn að leita aðstoðar fógeta til að knýja fram efndir á kaupsamningnum. Fyrirhuguð hlutafjárukning í Akri hf. hafi hindrað efndir á samningnum „in natura“ og lögbannskrafa aðalstefndu því verið eðlileg og réttmæt aðgerð. Nauðsyn hafi borið til að beina lögbannskröfunni bæði að viðsemjendum aðalstefndu, þ.e. stjórnarmönnum aðalstefnanda, og aðalstefnanda sem lögpersónu. Þar sem allar aðgerðir aðalstefndu hafi verið lögmætar, skorti skilyrði bótaskyldu vegna athafna þeirra.

Þá hafi aðalstefnandi ekki sýnt fram á, að orsakasamband sé á milli réttaraðgerða aðalstefndu og þess, að fyrirhuguð hlutafjárukning fór út um þúfur og félagið komst í þrot. Aðalstefnanda hafi því ekki tekist að sýna fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna réttaraðgerða aðalstefndu.

Málsástæður og lagarök í gagnsök.

Í gagnsök styðja gagnstefnendur mál sitt við það, að kyrrsetningargerð gagnstefnda Akurs hf. 11. október 1986 hafi verið tilhæfulaus og að fógeti hafi ekki farið að lögum við framkvæmd hennar.

Krafa sú, sem var grundvöllur kyrrsetningarinnar, sé efnislega hin sama og gagnstefndi krafðist tryggingar fyrir í lögbannsmáli milli sömu aðila og var til úrskurðar, þegar kyrrsetningarinnar var beiðst. Þegar af þeirri ástæðu sé kyrrsetningin ólögmæt.

Þá styðjist krafa sú, sem kyrrsett var fyrir, ekki við lagaleg rök, hvorki bótagrundvöllur né fjárhæðir.

Gagnstefnendur benda á, að fógeti hafi ekki gætt ákvæða 11. gr. og 1. tl. 1. mgr. 12. gr. laga 18/1949 og leitað álits þeirra á kröfunni og tryggingarfjárhæðinni.

Kyrrsetningin hafi valdið gagnstefnendum miklum miska, verulegu fjártjóni og lánstraustsspöllum. Með henni hafi verið kippt grundvöllinum undan lögbannsmálinu, þar sem þeim hafi reynst ókleift að afla þeirra trygginga, sem þeim var gert að setja í því máli, eftir að allar eigur þeirra voru kyrrsettar. Telja gagnstefnendur sig því eiga rétt til skaðabóta, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 18/1949, sem þeir telja hæfilega metnar 2.500.000,00 krónur.

Af hálfu gagnstefnda er því haldið fram, að kyrrsetning á eignum gagnstefnenda hafi verið eðlileg, eins og á stóð, enda hafi tjón og kostnaður gagnstefndu verið orðið talsvert mikið vegna aðgerða gagnstefnenda. Bendir gagnstefndi á, að málskostnaður vegna innsetningarmálsins, sem úrskurðað var 23. júlí 1986, sé, miðað við hagsmuni málsins, 2.651.808,00 kr. og málskostnaður vegna lögbannsmálsins, sem úrskurðað var 15. október, sé 1.782.048,00 kr. miðað við sömu forsendur. Í ljós hafi komið við kyrrsetninguna, að eigur gagnstefnenda hafi ekki nægt til að standa á bak við þær tryggingar, er gagnstefnendum var gert að setja í lögbannsmáli sínu.

Fyrirverandi stjórnarmenn Akurs hf., þeir Jón Kr. Sólnes, Aðalgeir Finnsson og Þórður Gunnarsson, hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Þá hafa vitnin Sævar Þór Sigurgeirsson endurskoðandi, Pétur Valdimarsson rekstrartæknifræðingur, Björn Jósef Arnviðarson hdl. og Gunnar Sólnes hrl. gefið vitnaskýrslur.

Niðurstaða í aðalsök.

Aðila greinir á um það, hvort stofnast hafi samningur milli aðalstefndu og þriggja fyrirverandi stjórnarmanna Akurs hf. með undirritun svonefnds kaupleigusamnings 15. apríl 1986. Aðalstefnandi rökstyður mál sitt með því, að veigamikil atriði í samningnum hafi verið óútkljáð, og því hafi hér aðeins verið um að ræða viljayfirlýsingu um kaup.

Á það má fallast, að í samningi þessum eru sum mikilvæg atriði ekki tilgreind nákvæmlega. Er þar einkum átt við söluverð hlutabréfanna, sem selja skyldi, svo og leigugreiðslur þær, sem í raun áttu að vera greiðsla fyrir hlutabréfin. Hins vegar er að finna í umræddum kaupleigusamningi vissar viðmiðanir um framangreind atriði. Þannig er söluverð í samningnum miðað við viðtöku skulda á bilinu 85-92.000.000,00 kr., sem átti að miðast við reikningsuppgjör 1. maí 1986. Fjárhæð leigu átti að ákvarðast af þessu sama uppgjöri og greiðast upp í skuldir fyrirtækisins, en þó með tilteknum hætti.

Þegar þetta er virt og ákvæði hins umdeilda samnings að öðru leyti, verður að telja, að með honum hafi komist á skuldbindandi samningur um kaup á 81,87% hlutafjár Akurs hf. Þessi samningur var þó háður skilyrðum um niðurstöðu reikningsuppgjörs, eins og að framan greinir, og skilyrðum um ábyrgðir skv. 5. gr. samningsins.

Gögn málsins sýna, að bankaábyrgð, að upphæð 3.000.000,00 kr., til tryggingar á afborgunum kaupleigusamnings hafi verið til reiðu, en samkvæmt 12. gr. samningsins var gildistaka hans miðuð við framlagningu þeirrar ábyrgðar. Eins og mál þróuðust milli samningsaðila, reyndi hins vegar aldrei á það, hvort aðalstefndu gætu veitt bakábyrgð, að fjárhæð 12.000.000,00 kr., sem gert var ráð fyrir í 5. gr. samningsins.

Enn fremur er upplýst í málinu, að fyrrgreint reikningsuppgjör vegna Akurs hf. var aðalstefndu ekki til reiðu fyrr en löngu eftir, að viðsemjendur þeirra höfðu ákveðið að standa ekki við kaupun. Telja verður hins vegar, að kaupleigjendum hafi verið skylt að leggja reikningsuppgjörið fyrir aðalstefndu án dráttar eftir gildistöku samningsins.

Ágreiningur er um það, hvort aðalstefndu hafi rift samningnum frá 15. apríl 1986 með því að leggja fram á fundi 25. apríl 1986 ný samningsdrög, „kaupsamningur (með fyrirvara)“, en þau eru í verulegum atriðum frábrugðin hinum undirritaða samningi. Er við það miðað að aðalstefndu hafi gert undirritun þessa samnings að skilyrði fyrir kaupunum. Hafi niðurstaða fundarins verið sú, að aðilar væru sammála um, að fyrri samningur væri úr gildi.

Eins og áður greinir, var lagður fram tíu dögum eftir undirritun kaupleigusamnings svonefndur kaupsamningur (með fyrirvara). Samningsdrög þessi koma frá aðalstefndu, en aðila greinir verulega á um það, hvers vegna þau voru lögð fram með svo breyttum kjörum sem í þeim felast.

Aðalstefndu hafa hins vegar borið, að þeir hafi ætíð litið svo á, að kaupleigusamningurinn frá 15. apríl 1986 væri í fullu gildi, og bæri að miða við hann, ef samningsdrögin væru ekki undirrituð, enda væru þau aðeins nánari útfærsla á hinum fyrri. Sama skoðun kemur fram í framburði vitnanna Sævars Þórs Sigurgeirssonar og Péturs Valdimarssonar, sem sátu fundinn 25. apríl, þegar hin nýju samningsdrög voru lögð fram.

Aðalstefndu ítrekuðu með símskeyti, dags. 23. maí 1986, kröfu um, að staðið yrði við samninginn frá 15. apríl 1986, og kváðu bankaábyrgð vera til reiðu. Þá benda aðrar aðgerðir aðalstefndu við undirbúning að því að taka við rekstri Akurs hf. 1. maí, ekki til þess, að aðalstefndu litu svo á, að þeir hefðu rift samningnum.

Þá kemur einnig fram í fundargerð aðalfundar Akurs hf. frá 28. apríl 1986, að stjórn félagsins aflar til þess heimildar aðalfundarins, að gerður verði „kaupleigusamningur“ við aðalstefndu um allt að 82% af hlutafé í Akri hf.

Þegar þessi atriði öll eru virt, er það álit dómsins, að aðalstefnanda hafi ekki tekist að sanna, að aðalstefndu hafi fallið frá rétti sínum samkvæmt kaupleigusamningnum frá 15. apríl 1986.

Á framhaldsaðalfundi Akurs hf. 15. ágúst 1986 var samþykkt að auka hlutafé í Akri hf. um 40.000.000,00 kr. án þess að gefa út jöfnunarhlutabréf fyrir eldra hlutafé. Í stjórn félagsins sátu þá enn þeir Jón Kr. Sólnes, Þórður Gunnarsson og Aðalgeir Finnsson.

Stjórn Akurs hf. var kunnugt um gerð kaupleigusamnings, og á aðalfundi þá skömmu áður hafði verið samþykkt heimild fyrir gerð hans. Eins og fyrr segir, bar stjórnarmönnum þremur skylda til að efna samninginn.

Þetta gerðu þeir ekki. Ákvörðun um hlutafjárukningu var því ólögmæt gagnvart aðalstefndu. Telja verður því, að aðalstefnandi hafi borið ábyrgð á hlutafjárukningunni gagnvart aðalstefndu.

Þær réttaraðgerðir aðalstefndu að beina kröfu sinni um lögbann við fyrirhugaðri hlutafjárukningu í Akri hf. bæði gegn hinum áðurnefndu stjórnarmönnum Akurs hf. persónulega svo og fyrir hönd félagsins voru því lögmætar að mati dómsins.

Af framangreindu leiðir, að aðalstefnandi á ekki bótarétt á hendur aðalstefndu vegna lögbannsaðgerðarinnar.

Dómurinn telur, að aðalstefnandi hafi ekki sýnt fram á, að aðgerðir aðalstefndu hafi valdið aðalstefnanda álitshnekki og tjóni umfram það, sem eðlilegt verður að teljast, að leiði af lögmætum réttarvörsluaðgerðum aðalstefndu. Ber því að sýkna aðalstefndu af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Kyrrsetning, sem fram fór 11. október 1986 á eignum aðalstefndu, skal niður falla.

Við munnlegan málflutning kom fram sú krafa frá aðalstefndu, að þeir Jón Kr. Sólnes, Aðalgeir Finnsson og Þórður Gunnarsson yrðu dæmdir „in solidum“ til greiðslu málskostnaðar í máli þessu, sbr. 114. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Af hálfu aðalstefnanda var þessari kröfu mótmælt.

Skiptaréttur Akureyrar samþykkti 24. febrúar 1987 að heimila Aðalgeiri Finnssyni, Jóni Kr. Sólnes og Þórði Gunnarssyni að halda áfram bæjarþingsmálinu nr. 871/1986, Akur hf. gegn Jóni R. Högnasyni og Helga B. Helgasyni og gagnsök, á þeirra kostnað, eins og segir í endurriti úr skiptabók Akureyrar.

Eins og bókun er háttað í skiptabók, verður að telja, að þrotabúið hafi tekið að sér aðild málsins. Verður því málskostnaður ekki dæmdur á hendur fyrrgreindum aðilum persónulega, heldur þrotabúinu.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu og með tilliti til hagsmuna, sem raunverulega er deilt um í málinu, ber aðalstefnanda að greiða aðalstefndu 350.000,00 kr. í málskostnað í aðalsök.

Niðurstaða í gagnsök.

Miðað við niðurstöðu í aðalsök var kyrrsetning sú, sem fram fór á eignum gagnstefnanda 11. október 1986, ólögmæt frá öndverðu. Verður því að fallast á kröfu gagnstefnanda um skaðabætur vegna gerðarinnar, enda eru skilyrði skaðabóta fyrir hendi, sbr. 24. gr. 1. nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.

Gagnstefnendur önnuðust veitingarekstur á Akureyri og gera enn. Ekki hafa verið lögð fram í málinu nein gögn, sem sýna fjártjón gagnstefnanda vegna gerðarinnar.

Til þess ber að líta, að krafa um kyrrsetningu hljóðaði upp á 6.000.000,00 kr., og voru allar eignir gagnstefnanda, svo sem fasteign, bifreið og lausafé til veitingareksturs, að mati 3.683.000,00 króna, kyrrsettar. Kyrrsetningin hefur nú varað í rúmlega eitt ár.

Samkvæmt framburði gagnstefnanda Helga B. Helgasonar hér fyrir dómi má ætla, að gagnstefnendur hafi orðið fyrir einhverjum lánstraustspjöllum vegna gerðarinnar svo og miska, og eru löglíkur fyrir því.

Dómurinn telur, þegar þessi atriði eru virt, að hæfilegar bætur til handa gagnstefndu vegna ólögmætrar kyrrsetningar á eignum þeirra nemi 300.000,00 krónum ásamt þeim vöxtum, sem krafist er í gagnsök.

Þá ber gagnstefnda að greiða gagnstefnendum 60.000,00 kr. í málskostnað í gagnsök.

Með úrskurði bæjarþings Akureyrar 12. júní 1987 vék hinn reglulegi dómari, Elías I. Eliasson, bæjarfógeti á Akureyri og Dalvík og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, sæti í máli þessu. Með bréfi, dags. 5. ágúst 1987, var Valtýr Sigurðsson héraðsdómari skipaður setudómari á Akureyri til að fara með málið, og kvað hann upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndu, Jón Rafn Högnason og Helgi B. Helgason, skulu sýknir af kröfum aðalstefnanda, þrotabúi Akurs hf.

Kyrrsetning, er fram fór 11. október 1986 á eignum aðalstefndu, skal niður falla.

Aðalstefnandi greiði aðalstefndu 350.000,00 kr. í málskostnað.

Gagnstefndi, þrotabúi Akurs hf., greiði gagnstefnendum, Jóni Rafni Högnasyni og Helga B. Helgasyni, kr. 300.000,00 ásamt dómvöxtum frá 10.11.1986 til 14.4.1987, en hæstu innlánsvöxtum skv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags auk 60.000,00 króna í málskostnað.

Dæmdar fjárkröfur eru aðfararhæfar innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.